

**BYGGINGARLÝSING :**

Íbúðir og innra skipulag.

Húsið er á þremur hæðum og í því eru sautján íbúðir alls. Tvö stigahús eru í húsinu. Níu íbúðir hafa aðgang úr stigahúsinu vestan megin í húsinu en átta íbúðir úr stigahúsinu austan megin.

Lóðin við Drekaelli 22 er sameign allra íbúðanna. Íbúðir á fyrstu hæð hafa einkaafnotarétt af svæðinu fyrir utan viðkomandi íbúð og er stærð þess nánar tilgreind á grunnmynd.

Byggingarefni og einangrun.

Sökkjar eru einangraðir með 75 mm plasteinangrun. Botnplata er staðsteypt ofan á 75 mm plasteinangrun. Staðsteyptir útveggir eru einangraðir að utanverðu með 100 mm steinull og klæddir með sléttri álklaðningu, panelum og láréttri bárustálsklæðningu. Þakið er flatt, einangrað á staðsteypta plötu. Vatnshalli er steyptur í plötu. Undir einangrun er heilbræddur tjörupappi. Einangrun er 150 mm Roofmate. Ofan á einangrun er sjávarmól.

Einangrunargildi: Gólf á fyllingu: 0,3 W/m<sup>2</sup>K  
 Þak: 0,2 W/m<sup>2</sup>K  
 Útveggir: 0,4 W/m<sup>2</sup>K  
 Gluggar og hurðir: 2,0 W/m<sup>2</sup>K  
 Vegið meðaltal útveggja, glugga og hurða: 0,78 W/m<sup>2</sup>K

Litir eiga að vera í ljósum tónum, gráir og grænleitir, þannig að húsið falli vel að umhverfi sínu.

Svalir og skjólveggir.

Svalir og þak yfir svölum eru forsteyptar. Súlu og skjólveggur eru staðsteyptir og halda sínum steypulit. Handrið á svölum er úr stáli, galvanhúðað, klætt með sléttum plötum.

Innveggir eru ýmist byggðir upp með stálgrind og gipsklæddir eða hlaðnir og múrhúðaðir.

Lagnir og loftræsing.

Loftræsing er frá öllum lokuðum, gluggalausum rýmum. Gólfmiðurföll eru í öllum votrymum, staðsett á teikningum í mkv. 1:50. Lóðréttar lagnaleiðir eru almennt í stokkum bak við salerni.

Brunavamir. Veggir milli íbúða E190 (staðsteyptir). Hurðir úr stigahúsi inn í íbúðir eru EICS 30. Klæðningar innahúss eru amk. í flokki 2. Fjarlægð milli óvarinna glugga tveggja íbúða er amk. 1,2 m.

Lóð og bílastæði.

Stærð lóðar er 2.598 m<sup>2</sup>. Heildarföldi bílastæða hússins eru 28. Gert er ráð fyrir að stærri íbúðirnar fái úthlutað tveimur bílastæðum en þær minni einu bílastæði. Þar af er eitt bílastæði sérmerkt fyrir hreyfihamlaða. Lóð er hönnuð af Landslagi ehf.

Sorp.

Sorptunnuskýli er staðsett norðan við húsið, mitt á milli inngangana tveggja og bílastæðisins, með pláss fyrir sex stóra sorpgáma (73x110 cm). Sorptunnuskýlið er með steinsteypta plötu og trégrind sem klætt er að utan með láréttri báruklæðningu.


Gert er ráð fyrir leiksvæði barna vestan við húsið.

Athugasemdir og kvaðir.

Kvaðir eru um gróður norðan við húsið við lóðamörkin, einnig göngustíg norðan megin þar sem að aðkoman við húsið er.

**KENNISTÆRDIR :**

1. hæð	545,8 m <sup>2</sup>	1.533,9 m <sup>3</sup>
2. hæð	541,4 m <sup>2</sup>	1.533,9 m <sup>3</sup>
3. hæð	541,4 m <sup>2</sup>	1.645,5 m <sup>3</sup>
Samt.	1.628,6 m <sup>2</sup>	4.713,1 m <sup>3</sup>
Nýtingarhlutfall lóðar		0,63



A	HB	PG	02.07.2004
Breytingar á lóð, norðurlis hæð, breytt lóðarlíning			
ÚTGÁFA	TEIKNAD	SAMÞYKKT	DAGS
BYGGINGAR			

**ASK** Arkitektar  
 Skógartúli 18  
 101 Reykjavík  
 Sími 515 0300  
 Fax 515 0319  
 www.arkitektar.is

Áritun aðeinhönnuðar:  
*Þórunn Gunnarsdóttir*  
 Húsnámsráðgjafi  
 Gagnheimsgatan 10, 110 2100

<b>DREKAPELLIR 22, HAFNARFIRÐI</b>			
<b>AÐALTEIKNING</b>			
VERKEFNI	HEITI TEIKNINGAR / DRAWING NAME	MKV. Í A2	1:500
<b>AFSTÖÐUMYND OG BYGGINGARLÝSING</b>		TEIKNAD	HB/PG
		DAGS	09.06.2004
VERK NR. (ASQ)	NUMER TEIKNINGAR	ÚTGÁFA	A
0430	10-01 1 af 8		